

Alþingi
Erindi nr. P 136/1468

komudagur 25.3.2009

From: Páll Gunnar Pálsson [mailto:PallGunnar@samkeppni.is]

Sent: 24. mars 2009 18:05

To: Eiríkur Áki Eggertsson

Subject: Varðar frumvarp til laga um stofnun hlutfélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja.

Sæll Eiríkur,

Á fundi efnahags- og skattanefndar á föstudaginn var, þar sem fjallað var um frumvarp um eignaumsýslufélag, óskaði Pétur Blöndal eftir tillögu að texta í frumvarpið eða nefndarálit. Með vísan til þess sendi ég þér eftirfarandi hugmynd að texta sem kæmi í nefndarálit:

”

Líkt og um banka í ríkiseigu gilda almennar reglur samkeppnislaga um starfsemi eignaumsýslufélagsins. Þannig kunna einstakar fjárfestingar eignaumsýslufélagsins eða meðferð þeirra að koma til skoðunar Samkeppniseftirlitsins á grundvelli bannákvæða 10. og 11. gr. samkeppnislaga eða samrunaákvæða 17. gr. sömu laga. Þar til viðbótar er mikilvægt að félagið móti sér samkeppnisstefnu þar sem langtímahagsmunir atvinnulífs og neytenda af virkri samkeppni verði hafðir í fyrirrúmi. Í þessu sambandi skal áréttað að álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, *ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, tekur samkvæmt efni sínu til eignaumsýslufélagsins. Þannig ber eignaumsýslufélaginu m.a. að gæta eftirfarandi sjónarmiða:

- Að sú ráðstöfun sé valin sem raskar samkeppni sem minnst.
- Að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni eða óæskilegra stjórnunar- og eignatengsla, heldur leitast við að draga úr slíku ástandi, t.d. með því að skoða hvort skynsamlegt geti verið til lengri tíma að skipta upp fyrirtækjum frekar en sameina.
- Að hlutlægni í ráðstöfun eigna sé tryggð.
- Að skapaðir séu möguleikar fyrir nýja aðila til að koma inn á samkeppnis-markaði og dreifðara eignarhaldi fyrirtækja.

”

Að sjálfsögðu væri æskilegt að undirstrika þessi sjónarmið í frumvarps-/lagatextanum sjálfum. Það mætti með einföldum hætti gera með því að bæta eftirfarandi málslit við 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins: “Jafnframt skal félagið við verkefni sín leitast við að vernda eða efla virka samkeppni í íslensku atvinnulífi.”

Eins og fram kom á fundinum á föstudaginn og í framlagðri umsögn, leggur Samkeppniseftirlitið sérstaka áherslu á að framangreindar skýringar séu áréttáðar í nefndaráliti, því annars hafa þeir sem framkvæma lögina enga leiðbeiningu um þetta frá löggjafanum. Til bóta væri einnig að framangreint ákvæði bættist við frumvarpið.

Með kveðju,

Páll Gunnar Pálsson
Forstjóri / Director General